



Alþýðusamband Íslands

## Frestun á lánagreiðslum (frysting) í allt að 3 ár

Skuldari snýr sér til síns banka, sparisjóðs eða Ráðgjafastofu heimilanna. Þessir aðilar koma umsókninni áfram til Íbúðarlánasjóðs. Ekki er hægt að sækja beint um hjá Íbúðarlánasjóði. Íbúðarlánasjóð er í framhaldinu heimilt að veita einstaklingum frestun á lánagreiðslum í allt að 3 ár. Eigi umsækjandi í verulegum greiðsluvanda og sé kominn í þrot með fjármál sín eða mál telst að öðru leyti umfangsmikið að mati fjármálastofnunar vísar hún umsókn til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Að lokinni könnun Ráðgjafarstofu á málinu gerir hún tillögu til Íbúðarlánasjóðs og hlutaðeigandi fjármálastofnunar um úrlausn vandans. Skilyrði fyrir frestun greiðslna eru:

1. Að greiðsluerfiðleikar stafi af óvæntum tímabundnum erfiðleikum vegna veikinda, slysa, minni atvinnu, atvinnuleysis eða af öðrum ófyrirséðum atvikum.
2. Að aðrir lánadrottnar umsækjanda samþykki einnig að veita aðstoð vegna greiðsluerfiðleika
3. Að greiðslubyrðri umsækjanda samkvæmt greiðslumati sé umfram greiðslugetu
4. Að greiðslubyrði umsækjanda eftir skuldbreytingu og/eða frestun á greiðslum rúmist innan greiðslugetu
5. Að lán sé í skilum

Ef ástæða greiðsluerfiðleika er tímabundin tekjulækkun skal í mati á greiðslugetu miða við tekjur umsækjanda áður en til tekjulækkunar kom. Skila þarf inn viðurkenndum fylgigögnum með umsókn um skuldbreytingu en þau eru: Afrit af tveimur síðustu skattaskýrslum, afrit af launaseðlum síðustu þriggja mánaða, afrit gagna er veita upplýsingar um lífeyri, bætur, meðlög, barnabætur, húsaleigu og aðrar tekjur. Einnig skal skila inn afriti af síðast greiðsluseðli allra lána umsækjanda, afriti af samningum við kröfuhafa og veðbókavottorði.